
Kristján Davíðsson


Jóhannes S. Kjarval

GALLERÍ FOLD

Perlur í íslenskri myndlist
Forsýning alla helgina
Opið laugardag og sunnudag 12-16

Rauðarárstígur 12-14 • 551-0400 • fold@myndlist.is myndlist.is

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. maí 2026, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2026 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. maí 2026, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, innviðagjaldi, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi, kílómetragjaldi vegna notkunar hreinorku- og tengiltvinnbifreiða, kílómetragjaldi á ökutæki, erfðafjárskatti og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

> Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.
Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er 18.200 kr. fyrir hvert fjárnám. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. maí 2026

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum
Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi
Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum


Morgunblaðið/Sigurður Bogi

**Mosfellskirkja í Grímsnesi.**

**ÁRBÆJARKIRKJA** | Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Þór Hauksson þjónar fyrir altari. Kór Árbæjarkirkju syngur undir stjórn Peters Máté organista. Kaffi og spjall eftir stundina.
**ÁSKIRKJA** | Guðsþjónusta kl. 13. Séra Davíð Þór Jónsson þjónar. Kór Áskirkju syngur. Organisti Bjartur Logi Guðnason.
**DIGRANESKIRKJA** | Kl. 11 Vorhátíð Digranes- og Hjallakirkju. Fjölskyldumessa, Solla stirða, hoppukastalar, Brúðubíllinn, pylsur og fjör.
**DÓMKIRKJAN** | Messa kl. 11. Sr. Sveinn Valgeirsson, Matthías Harðarson og Dómkórinn. Kl. 14 er norsk messa á þjóðhátíðardegi Norðmanna. Séra Þorvaldur Víðisson, Kári Þormar organisti.
**FRÍKIRKJAN REYKJAVÍK** | Kvöldstund í Fríkirkjunni sunnudaginn 17. maí kl. 20. Sr. Dagur Fannar Magnússon leiðir stundina. Hljómsveitin Mantra og Sönghópurinn við Tjörnina leiða tónlistina ásamt Gunnari Gunnarssyni organista.
**GRAFARVOGSKIRKJA** Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Bryndís Malla Elídóttir prófastur þjónar. Kór Grafarvogskirkju leiðir söng. Organisti er Lára Bryndís Eggertsdóttir.
**GUÐRÍÐARKIRKJA Í GRAFARHOLTI** | Guðsþjónusta í kl. 11. Sr. María Rut Baldursdóttir þjónar fyrir altari og predikar. Arngerður María Árnadóttir organisti og kór Guðríðarkirkju syngur. Lovísa Guðmundsdóttir kirkjuvörður.
**HAFNARFJARÐARKIRKJA** | Messa kl. 11. Sr. Sighvatur Karlsson prédikar og þjónar fyrir altari. Organisti: Kári Þormar. Cantus, kór Hafnarfjarðarkirkju, syngur.
**HALLGRÍMSKIRKJA** | Messa kl. 11. Sr. Eiríkur Jóhannsson prédikar og þjónar fyrir altari. Messuþjónar aðstoða. Félagar úr Kór Hallgrímskirkju syngja. Organisti er Steinar Logi Helgason. Erlendur Snær sér um barnastarfið.
**HÁTEIGSKIRKJA** | Messa kl. 11. Jón Ásgeir Sigurvinsson héraðsprestur prédikar og þjónar fyrir altari. Hrönn Helgadóttir leikur á orgelið.
**HJALLAKIRKJA KÓPAVOGI** | Vortónleikar Hljóðfalls, kórs Digranes- og Hjallakirkju, undir stjórn Helgu Margrétar kl. 20.
**KIRKJA HEYRNARLAUSRA** | Messa kl. 14. Táknmálskórinn syngur undir stjórn Eyrúnar Ólafsdóttur. Sr. Kristín Pálsdóttir prédikar.
**KÓPAVOGSKIRKJA | Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Sigurður Arnarson prediktar og þjónar fyrir altari. Félagar úr Kór Kópavogskirkju syngja undir stjórn Elísu Elíasdóttur organista.**
**KVENNAKIRKJAN** | Guðsþjónusta í Garðakirkju á Álftanesi klukkan 20. Séra Anna Sigríður Pálsdóttir prédikar og Anna Sigríður Helgadóttir syngur einsöng. Ragnheiður Ragnarsdótttir leikur á píanó undir sálmasöngnum. Á eftir verður messukaffi í Króki.
**LANGHOLTSKIRKJA** | Kveðjumessa sr. Guðbjargar Jóhannesdóttur kl. 11. Sr. Guðbjörg, sr. Ásta Ingibjörg og sr. Sunna Dóra messa. Barn verður borið til skírnar, Kór Langholtskirkju syngur undir stjórn Magnúsar organista. Sara Grímsdóttir leiðir sunnudagaskólann. Léttar veitingar í safnaðarheimili að messu lokinni.
**LAUGARNESKIRKJA** | Fjölskyldumessa kl. 11. Prestur er Davíð Þór Jónsson og organisti Elísabet Þórðardóttir. Stúlknakór Reykjavíkur syngur undir stjórn Sigríðar Soffíu Hafliðadóttur. Kaffiveitingar og samvera í safnaðarheimilinu eftir messu. Kl. 13-15 verður hverfishátíðin Laugarnes á ljúfum nótum í og við Laugarneskirkju.
**LÁGAFELLSKIRKJA** | Guðsþjónusta kl. 20. Sr. Guðlaug Helga Guðlaugsdóttir þjónar.
**MÖRK KAPELLA** | Guðsþjónusta í umsjón Félags fyrrum þjónandi presta klukkan 14. Prestur er Friðrik Hjartar. Kristinn Ómarsson leiðir almennan safnaðarsöng undir stjórn Hrannar Helgadóttur organista.
**NESKIRKJA** | Fjölskylduguðsþjónusta og vorhátíð Neskirkju kl. 11. Styrmir Örn Guðmundsson verður með tónlistargjörning og spilar vorlög á trommu. Að henni lokinni verður farið út í garðinn. Þar verða hoppukastalar og andlitsmálning auk þess sem pylsur verða grillaðar fyrir gesti.
**SELJAKIRKJA** | Guðsþjónusta kl. 11. Sr. Steinunn Anna prédikar og þjónar. Kór Seljakirkju syngur undir stjórn Tómasar Guðna organista. Molasopi og samfélag í safnaðarsal að guðsþjónustu lokinni.
**SELTJARNARNESKIRKJA** | Fræðslumorgunn kl. 10. Menningararfurinn – vinna Gunnars Bjarnasonar húsasmíðameistara. Málfríður Finnbogadóttir talar. Guðsþjónusta kl. 11. Sóknarprestur þjónar. Friðrik Vignir Stefánsson er organisti. Félagar úr Kammerkór kirkjunnar syngja. Kaffiveitingar eftir athöfn í safnaðarheimilinu. Vortónleikar Kammerkórsins ásamt hljóðfæraleikurum í kirkjunni kl. 16. Á miðvikudag er þjóðmálafundur kl. 9. Bjarni Guðjónsson kemur í heimsókn. Kyrrðarstund kl. 12 og léttur málsverður að henni lokinni.
**SKÁLHOLTSDÓMKIRKJA** | Messa kl. 11. Sr. Axel Á. Njarðvík prédikar og þjónar fyrir altari. Jón Bjarnason dómorganisti leikur á hljóðfæri og leiðir safnaðarsöng. Kór eldri borgara í uppsveitum, Tvennir tímar, kemur fram undir stjórn Joels Christophers Durksens.
**VÍDALÍNSKIRKJA** | Eldriborgaramessa kl. 11. Garðakórinn syngur undir stjórn Jóhanns Baldvinssonar og söfnuðurinn fær heimsókn nemenda úr Tónlistarskóla Garðabæjar. Prestur er dr. Sigurvin Lárus Jónsson.
**YTRI-NJARÐVÍKURKIRKJA** | Guðsþjónusta kl. 20. Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir prestur þjónar. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Rafns Hlíðkvists.

